



5. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2025-2026

25. ágúst 2025 kl. 17:00

Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Ívar Hauksson (ÍH), Þormóður Skorri Steingrímsson (ÞSS), Sigurður Elmar Birgisson (SEB), Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir (VFS) og Hákon Leifsson (HL) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: *Enginn fjarverandi.*

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Almennadalur

a. Bréf frá Almennadalsfélaginu

Borist hefur bréf frá Almennadalsfélaginu vegna þess sem fram kom um Almennadal í fréttabréfi stjórnar sem gefið var út í júlí og er það lagt fram til stjórnar. Umræður um bréfið.

b. Svar við bréfi frá Almennadalsfélaginu

Stjórn telur ekki ástæðu til að svara bréfinu og því sem þar kemur fram með öðru en að árétta það að öll búseta í hverfinu er óheimil, að í gildi séu lóðaleigusamningar milli hestúsaeigendur og Fáks um að um sé að ræða lóð fyrir hestús og ekkert annað og að Fákur hafi heimild til að rifta samningum ef ekki sé staðið við þá. Einnig eru eigendur hestúsa á svæðinu hvattir til að klára frágang á hestúsum sínum og gæta þess að byggingarstig þeirra sé rétt skráð hjá byggingarfulltrúa.

Stjórn felur formanni að senda svarbréf til Almennadalsfélagsins.

c. Bréf til borgarráðs vegna Almennadals

Farið er yfir bréf til borgarráðs Reykjavíkurborgar vegna Almennadals. Stjórn samþykkir að fela formanni að senda bréfið, ásamt fylgigögnum í ábyrgðarpósti til formanns borgarráðs og afrit til formanns umhverfis- og skipulagsráðs og til formanns menningar- og íþróttaráðs. Síðan í framhaldinu í tölvupósti til allra fulltrúa þessara ráða borgarinnar. Afrit af bréfinu verður einnig sent framkvæmdastjóra og formanni IBR og lögfræðingi á skrifstofu borgarstjóra.

Stjórn samþykkir að fela formanni að senda umrætt bréf til borgarráðs í ábyrgðarpósti, með afriti á umhverfis- og skipulagsráð og menningar- og íþróttaráð.

d. Almennadalur 9

Eigendur byggingarréttar að Almennadal 9 hafa óskað eftir því að Fákur geri lóðaleigusamning vegna lóðarinnar. Búið er að auglýsa hestús til sölu að Almennadal 9, með veglegum kaffistofum þar sem hægt er að hafa heitan pott. HS hringdi í fasteignasalann sem sér um söluna og spurði beint hvort hægt væri að búa í hestúsinu. Fasteignasalinn sagði að svo væri og sagði að það væru til aðrar teikningar

til hliðar við þessar samþykktu. Fasteignasaliinn hringdi síðan aftur og sagðist ekki vera með teikningar en byggingaraðili myndi innrétta húsið með herbergjum eftir ósk kaupanda.

HS leggur til að stjórn Fáks geri ekki lóðaleigusamning við núverandi eiganda byggingarréttar af Almannadal 9. Eigandi byggingarréttar undirritaði staðfestingu árið 2021 þess efnis að hann væri búinn að kynna sér deiliskipulag svæðisins og myndi hlíta úthlutunarskilmálum þeim sem undirritaðir voru við úthlutun byggingarréttarins á sínum tíma. Hins vegar óskaði eigandi byggingarréttar eftir því við skipulagsfulltrúa að húsinu yrði snúið um 180 gráður, þ.a. svalir snéru í suður en ekki í norður eins og skipulagið gerði ráð fyrir. Fákur mótmælti þessum fyrirætlunum og sama gerðu aðrir eigendur hesthúsa í Almannadal en skipulagsfulltrúi fór gegn vilja félagsins og annarra eigenda í hverfinu. Einnig verða gerðar athugaasemdir við byggingaraðilan vegna beiðnar hans til byggingarfulltrúa um slétt gólf í hesthúsinu en ásetningur um að hafa gólfin slétt í hesthúsinu bendir til þess að mögulega sé annað í hyggju en að byggja hesthús á lóðinni.

Hún leggur til að hún fundi með eiganda byggingarréttar að Almannadal 9 og upplýsi hann um það að það verði ekki gerður lóðaleigusamningur við hann vegna lóðarinnar þar sem nú þegar hefur byggingaraðili brotið á skilyrðum lóðarleigusamninga.

HS upplýsir jafnframt að eigandi að hesthúsi að Almannadal 11 hefur fundað með HS og EG og upplýst um að hann muni ekki skrifa undir eignaskiptayfirlýsingu þá sem kynnt hefur verið enda sé það einsýnt að ásetningur sé um annað en að reisa á lóðinni hesthús sem eingöngu er nýtt sem hesthús eins og um hefur verið samið.

Stjórn samþykkir einróma að ganga ekki til samninga um lóðarleigusamning við eiganda byggingarréttar að Almannadal 9. Formanni er falið að hafa samband við eiganda byggingarréttar og upplýsa hann um stöðuna.

e. Önnur mál varðandi Almannadal

Frekari umræður á sér stað um almennt ástand hesthúsa í Almannadal og leiðir til úrbóta. HS leggur til að hún, ásamt EG og ÞSS fundi með eigendum hesthúsa á svæðinu þar sem búið er í hesthúsum og bendi þeim á að þeir hafi brotið skilyrði lóðarleigusamninga sem gerðir voru vegna húsanna og því séu lóðarleigusamningar riftanlegir.

Er það samþykkt af stjórn.

3. Brunaáhætta vegna búsetu í hesthúsabygðum

Nýlega varð bruni í hesthúsi í Hafnarfirði sem hefði getað farið mjög illa hefði hann komið upp á öðrum árstíma eða ef hestar hefðu verið í húsunum. Sem betur fór en á horfðist en þessi atburður hefur komið af stað almennt umræðu um búsetu í hesthúsum og hvað er til ráða. HS hefur haft samband við aðra formenn hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu og þetta er víðar vandamál en hjá Fákí. Þessi umræða verður tekin lengra á næstunni en HS leggur til að Fákur sendi SHS upplýsingar um þau hesthús sem upplýsingar eru um að þar sé búseta í óleyfi. Á það jafnt við um Almannadal, Faxaból og Víðidal sé þar búseta í hesthúsi.

Stjórn samþykkir að senda ábendingu um óheimila búsetu í hesthúsum til SHS

4. Umsögn um deiliskipulag Suðurlandsvegur

Formaður leggur fram umsögn sem send hefur verið inn vegna skipulagsbreytinga vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur. Um gríðarlega mikið hagsmunamál er um að ræða fyrir hestamenn á höfuðborgarsvæðinu og þá sér í lagi í Víðidal og Almannadal.

Að umsögninni stóðu, auk Fáks, Hestamannafélagið Sprettur, Hestamannafélagið Sörli, Hestamannafélagið Sóti og Hestamannafélagið Hörður. Að auki stóðu að umsögninni Fjáreigendafélag Reykjavíkur, reiðveganefnd SV svæðis og LH, bæði stjórn og samgöngunefnd LH.

5. Umsögn um deiliskipulagsbreytingu hesthúsabyggðar á Hólmsheiði

Auglýst hefur verið breyting á deiliskipulagi hesthúsabyggðar á Hólmsheiði og hefur Fákur samið umsögn um skipulagsbreytinguna en skipulagsbreytingin er tengd tvöföldun Suðurlandsvegar. Fákur gerir ekki athugasemdir við skipulagsbreytinguna en áréttar mikilvægi þess að hugað sé vel að hönnun reiðleiða, undirganga og reiðstíga og að náð samráð verði með félaginu um hönnun mannvirkja og framkvæmdina sjálfa. Almannadalsfélagið hefur samþykkt umsögnina fyrir sitt leyti og gerir ekki athugasemd umfram það sem kemur fram í umsögninni.

Formanni er falið að ganga frá umsögninni og senda hana inn í gegnum skipulagsgátt.

6. Umsögn um skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Kópavogs 2019 - 2040 (Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavelli)

Formaður Sprettis leitaði til HS vegna auglýstrar skipulagslýsingar sem hefur mikil áhrif á Kjóavelli og reiðleiðir á Elliðavatnssvæðinu. HS hefur skrifað umsögn um skipulagslýsingu sem ætlunin er að biðja Sörla, Sóta, Hörð að styðja, auk LH, bæði stjórn og samgöngunefnd og reiðveganefnd SV svæðis. Umsögnin er lögð fyrir stjórn.

Formanni er falið að ganga frá umsögninni og senda hana inn í gegnum skipulagsgátt.

7. Samningur við Ölgerðina

Fyrir fundinum liggur samstarfssamningur við Ölgerðina.

Samningurinn er samþykktur samhljóða.

8. Alendis og Eiðfaxi

HS átti fund með Magnúsi Benediktssyni í lok júlí varðandi áhuga Eiðfaxes á að sýna frá mótum Fáks. HS svaraði því til að enn væri samningur í gildi við Alendis. HS sagði að stjórn myndi hitta bæði Alendis og Eiðfaxes nú í haust og bjóða þeim upp á að kynna starfsemi sína. Leggur HS til að slíkur fundur verði haldinn um miðjan september.

9. Námskeið

HS óskar eftir því að EG og VFS stilli upp þeim námskeiðum sem lagt er upp með að verði haldin hjá Faki á næsta starfsári og kynni fyrir stjórn á næsta fundi.

VFS fer yfir námskeiðaáætlun haustsins. Umræða um námskeiðahald félagsins. Umræðunni frestað til næsta fundar.

10. Dagsetningar móta 2026

Framkvæmdastjóri mun funda með mótanefnd í september og fara yfir komandi keppnisár.

a. T7 mótið

Hefur verið haldið fyrsta laugardag í febrúar. Dræm þátttaka hefur verið undanfarin ár. Hugmynd að halda mótið síðasta fimmtudag í janúar, 29. janúar, um kvöld og hafa einungis börn, unglinga, ungmenni og lítið vanir fullorðnir.

b. **Vetrarleikar og firmakeppni á vellinum við Félagsheimilið**

Tillaga um að halda Vetrarleika 14. febrúar og 14. mars. Það gaf góða raun að vera á vellinum við Félagsheimilið. Þá var einnig boðið í vöflukaffi fyrir mótin og mæltist það mjög vel fyrir. Firmakeppni Fáks verður sumardaginn fyrsta sem er 23. apríl.

c. **Meistaradeild æskunnar**

Framkvæmdastjóra er falið að heyra í forsvarsmönnum MDÆ varðandi dagsetningar.

d. **Gæðingamót Fáks - Landsmótsúrtaka 28.-31. maí**

Líkt og fyrir fyrri Landsmót mun fara fram tvöföld úrtaka fyrir Landsmótið á Hólum.

Meðfylgjandi eru drög að fyrirkomulagi úrtökunnar:

- Fimmtudagur 28. maí – Fyrri umferð, allir gæðingaflokkar
- Laugardagur 30. maí – Seinni umferð, Tölt T1 og skeiðgreinar.
- Sunnudagur 31. maí – Úrslit: Árangur úr fyrri umferð gildir til úrslita.

e. **Reykjavíkurmestaramót 15.-21. júní**

Skoða hvort hægt er að færa mótið fram um eina viku.

f. **Kynbótasýning í Víðidal fyrir Landsmót**

Til skoðunar er hjá RML að hafa vorsýningu í Víðidal.

11. Önnur mál

Rætt er um að halda nefndarkvöld í haust. Eftir auglýsingu vorsins þar sem óskað var eftir sjálfboðaliðum í félagsstarfið hafa nokkrir áhugasamir skráð sig og er EG falið að hafa samband við viðkomandi einstaklinga.

Fleira var ekki rætt.

Fundi var slitið 19:00.